



Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk

- Námskrá -



<i>Inngangur</i>	1
Forsendur náms	2
Hugtök í námsmarkmiðum	3
Lokamarkmið.....	3
Skipulag náms	4
<i>Námsþættir og lýsingar</i>	5
Kynning	5
Fiskvinnslan - gæðastjórnun frá afla til afurða	6
Vinnuaðstaða og líkamsbeiting.....	7
Öryggi á vinnustöðum	8
Hreinlæti og gerlagróður.....	9
Atvinnulífið, starfsfólkið og launakerfin	10
Samvinna og samskipti á vinnustað	11
Markaðir og umhverfismál	12
Sjálfsstyrking	13
Fjölmennning.....	14
Skyndihjálp.....	15
Innra eftirlit.....	16
Mat á námi og námsleið	17
<i>Mat til styttingar náms í framhaldsskóla</i>	18



Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk er 40 klukkustunda (60 kennslustunda) bóklegt nám, einkum ætlað 18 ára og eldri, sem hafa stutta skólagöngu að baki, og starfa við verkun og vinnslu sjávarafra, þ.e. í flakavinnslu, frystingu, söltun, skreiðarverkun og rækju- og skelvinnslu.

Markmið grunnnámskeiða fyrir fiskvinnslufólk er að auka þekkingu starfsmanna á vinnslu sjávarafra, efla sjálfstraust og styrkja faglega hæfni þess.

Námið hefur frá upphafi verið skipulagt af Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar sem skipuð var af þáverandi sjávarútvegsráðherra í október 1985. Í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði í febrúar 1986 var samið um fyrirkomulag námskeiðanna og hófst reglubundið námskeiðahald um haustið sama ár. Frá þessum tíma hefur námsefnið verið endurnýjað með reglubundnum hætti í takt við þær stórfelldu breytingar sem orðið hafa í fiskvinnslu á Íslandi en fjöldi námsþátta sem er tíu og heildarfjöldi klukkustunda, 40 (60 kennslustunda) í bóklegu námi hefur ekki breyst.

Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta megi Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk til styttingar á námi í framhaldsskóla á mótí allt að 5 einingum. Meta má námið á mótí 5 einingum í vali, 5 einingum á kjörsviði og/eða til almennra greina eftir styrkleika viðkomandi einstaklings.

Námsskrá þessi er ætluð námsmönnum, leiðbeinendum og þeim sem bjóða þetta nám. Hún er einnig ætluð þeim sem vilja leggja mat á þýðingu námsins til starfs, áframhaldandi náms eða annars sem nám af þessu tagi kann að hafa þýðingu fyrir.

Námsskráin er gefin út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins með það að markmiði að auka skilvirkni og gæði náms, gera nám gagnsærra og auðvelda styttingu á framhaldsskólanámi.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gerir kröfur til þeirra sem heimild fá til að nota námsskrá þessa um að þeir framfylgi formlegu gæðakerfi sem FA viðurkennir, einnig að framkvæmdaraðili framfylgi skilgreindum kennslufræðilegum kröfum sem eru viðurkenndar af FA.



Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk er ætlað fiskvinnslufólki, einkum þeim sem eru 18 ára og eldri. Fiskvinnslufólk vinnur oftast með öðrum og þarf því að vera lipurt í mannlegum samskiptum auk þess að vera fært um að meðhöndla og geyma sjávarfang og vörur unnar úr því á viðeigandi hátt.

Í náminu er lögð áhersla á að þátttakendur læri að læra og efla sjálfstraust sitt. Í náminu er byggt á frammistöðu og ábyrgð einstaklings sem og samvinnu og samábyrgð allra sem koma við sögu þess. Námsárangur er ekki aðeins vitnisburður um frammistöðu einstaklings heldur einnig vitnisburður um aðstæður til náms og árangur af samvinnu námsmanna og leiðbeinenda. Náms efni, framsetningu og framvindu náms verður að sníða eftir forsendum þátttakenda. Aðbúnaður og aðstaða verða að hæfa fullorðnu fólki.

Engar kröfur eru gerðar til skólagöngu áður en nám hefst. Námsmenn gangast ekki undir formleg próf. Námsmenn eru fullorðið fólk, á misjöfnum aldri, með mislangan starfsaldur og í ólíkum störfum. Reynsla þeirra er því afar misjöfn og misjafnt hve langt er um liðið frá því þeir voru síðast í skóla.

Leiðbeinandi þarf að hafa færni til að skilgreina þarfir, tilgang og markmið starfs síns með þátttakendum og skilgreina þá með tilliti til forþekkingar, markmiða og leiða. Hann þarf að geta ráðað niður námsefni með tilliti til markmiða, skipulags efnis og tímasetninga. Leiðbeiningar eiga að vera við hæfi fullorðinna og í samræmi við kröfur sem gerðar eru til námsaðstöðu þeirra.

Leiðbeinandi verður að hafa samskiptafærni til að tengjast námsmönnum og vinna traust þeirra. Hann á að skapa vinsamlegt andrúmsloft og sýna hinum fullorðna námsmanni - reynslu hans og þekkingu - fulla virðingu. Enn fremur þarf leiðbeinandi að gera sér ljósar ástæður námsmanns fyrir að taka þátt í náminu og markmiðum hans með því. Leiðbeinandi verður einnig að gera sér grein fyrir algengum hindrunum í námi fullorðinna (eins og t.d. kvíða og óryggi) og bregðast á viðeigandi hátt við þeim.

Leiðbeinanda ber að örva og hvetja námsmenn og leggja sig fram um að svara þörfum þeirra fyrir útskýringar og endurgjöf. Hann verður að gera sér ljóst að eðlislægar forsendur til að læra eru mismunandi. Því er gerð krafa til þess að framsetning hans sé ekki einhæf eða vélræn heldur lagi sig að mismunandi færni þeirra með það fyrir augum að auðvelda þeim nám. Enn fremur þarf framsetning og viðfangsefni að hafa sem mesta skírskotun til veruleika og reynslu námsmanna.

Námsmenn eiga að fá tækifæri til að spreyta sig á margvíslegan hátt. Verkefnavinna, atvikakönnun, hlutverkaleikir, verklegar æfingar upp á eigin spýtur eða í hópi, rökræður, umræður og sjálfsmat eru dæmi um aðferðir sem leiðbeinandi getur beitt í því skyni að sem flestir finni námstækni og námshraða við hæfi sitt.

Mikil áhersla er lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist. Leiðbeinandi á að hafa færni til að meta árangur námsmanna án þess að nota hefðbundin próf, meta námsferlið, nota símataaðferðir og gefa skýrslu um niðurstöður.



Hugtök í námsmarkmiðum

Í námsmarkmiðum Grunnnáms fyrir fiskvinnslufólk eru eftirfarandi hugtök notuð:

- *kynnast* í merkingunni komast í kynni við, vita af einhverju.
- *þekkja* í merkingunni bera kennsl á, átta sig á, hafa vitneskju um.
- *auka færni sína* í merkingunni að eflast, að taka framförum í viðkomandi námsgrein frá því að námsmaður hóf nám.
- *vera fær um* í merkingunni hafa á valdi sínu, geta eitthvað sem maður hefur lært, kunna að gera eitthvað, hafa lært vinnubrögð, gera sér grein fyrir einhverju, vita hvernig eitthvað er.



Lokamarkmið

Lokamarkmið eru að í lok námsins hafi námsmaður:

- aukið færni sína til að vinna í samræmi við hreinlætis- og gæðakröfur.
- náð aukinni færni í líkamsbeitingu við vinnu.
- kynnst helstu hættum og helstu öryggistækjum í fiskvinnslu.
- náð færni til að veita skyndihjálp og bregðast við slysum.
- þekki réttindi sín og skyldur á vinnumarkaði.
- þekki mikilvægi góðs sjálfstrausts í mannlegum samskiptum.
- hafi mætt a.m.k. 80% skv. stundaskrá skólans.



Skipulag náms

Námið, sem hér er lýst, er 40* klukkustunda (60 kennslustunda) nám fyrir starfsmenn fiskvinnslufyrirtækja. Í náminu er lögð áhersla á samþættingu náms og vinnu, einnig er lögð áhersla á samþættingu, skírskotun og tengingu milli námsþátta eins og kostur er.

Samkvæmt kjarasamningum eiga starfsmenn, sem lokið hafa þessu grunnnámi, rétt á starfsheitinu sérhæfður fiskvinnslumaður. Miðað er við að lágmarksfjöldi þátttakenda sé 8 en hámarksfjöldi 24.

Æskilegt er að umsjónarmaður námsins sjái um kynningu námsskrár og dagskrár námsins og verði í augum námsmanna þungamiðja starfsins. Hann gætir þess að leiðbeinendur skírskoti til starfa fiskvinnslufólks eða annarra námsþátta eins og kostur er.

Heimilt er að breyta vægi einstakra þátta námsins, fella niður námsþætti og bæta öðrum við eða bæta skyldum námsþáttum við án þess þó að draga úr heildarfjölda námsstunda enda fari breytingin ekki í bága við markmið námsins eða tilgang þess.

Námsskráin byggist á eftirfarandi námsþáttum:

Námsþættir	Klst
Kynning *	0,5 *
Fiskvinnslan - gæðastjórnun frá afla til afurða	4
Vinnuaðstaða og líkamsbeiting	4
Öryggi á vinnustöðum	4
Hreinlæti og gerlagróður	4
Starfsfólkið, atvinnulífið og launakerfin	4
Samstarf og samskipti á vinnustað	4
Val er um fjóra af eftirtöldum fimm námsþáttum:	
Markaðir og umhverfismál	4
Sjálfsstyrking	4
Fjölmennning	4
Skyndihjálp	4
Innra eftirlit	4
Mat á námi og námsleið *	0,5 *
Samtals *	40*

* Athugið! Vegna þess að skipuleggjandi námskeiðsins ræður röð annarra námsþátta en kynningar og mati á námi og námsleið þarf að taka tíma til þeirra af þeim námsþáttum sem næstir þeim koma ef skipuleggjandi velur ekki að lengja heildartíma námskeiðsins.



Um námsmarkmið, námslýsingar, námsaðferðir og námsefni ber almennt að hafa í huga að öll framkvæmd á að miða að því að greiða fyrir námi. Enn fremur að námsmenn hafa misjafna lífsreynslu, læra með mismunandi hætti og þurfa til þess mislangan tíma. Vægi og innihald námsþátta verður því að laga að nokkru leyti að þörfum þeirra.

Æskilegt er að forþekking námsmanna sé könnuð í upphafi námsþátta. Leiðbeinendur laga efni sitt og aðferðir sínar að þekkingu námsmanna og þörfum fullorðins fólks sem er í námi jafnvel eftir langt hlé.



Kynning

0,5 klukkustund

Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki mikilvægi námsins fyrir sjálfa sig og fyrirtæki sitt.
- þekki forsendur og skipulag námsins.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á markmið, forsendur og skipulag námsins. Einnig kröfur sem gerðar eru til einstakra námsmanna og kröfur sem þeir geta gert til annarra. Losað er um spennu jafnframt því að námsmenn kynnast hver öðrum.

Námsaðferð

Leiðbeinandi fer yfir námsskrá og dagskrá skólans. Námsmenn boðnir velkomnir og hvattir til dáða og dregið úr kvíða, losað um spennu og „ísbrjótar“ notaðir til þess að hrista hópinn saman.

Námsefni

Námsskrá Grunnnámskeiðs fiskvinnslufólks og dagskrá.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki helstu fisktegundir sem veiðast við Ísland, veiðarfæri, gerðir veiðiskipa og helstu áhrifavalda í meðferð fisks.
- kynnist þeim þáttum sem stjórna vörugæðum í framleiðslunni.
- verði færir um að tileinka sér fullnægjandi starfsaðferðir við vinnslu sjávarfangs.

Námslýsing

Farið er yfir helstu tegundir fiska sem veiðast við Ísland, hollustu og heilnæmi með áherslu á þær mikilvægustu. Veiðarfæri eru kynnt og helstu gerðir veiðiskipa ásamt hlutdeild Íslands í heimsaflaum. Fiskneysla í heiminum skoðuð og áhersla lögð á fiskinn sem fæðu. Rætt um helstu áhrifavalda í meðferð fisks, s.s. veiðarfæri, slægingu, þvott og ísingu. Einnig er rætt um opinberar kröfur um meðferð og vinnslu sjávarfangs. Þá er einnig rætt um kröfur um snyrtingu, þökkun, merkingar og geymsluskilyrði.

Námsaðferð

Leiðbeinandi kynnir efnið með myndrænni framsetningu, stjórnar umræðum og leggur fyrir verkefni.

Námsefni

T.d. námsefni Starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar og ítarefni frá leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki stoð- og hreyfikerfi líkamans.
- verði færir um að tileinka sér rétta líkamsbeitingu í leik og starfi.

Námslýsing

Lögð er áhersla á að heilsa og líðan starfsmanna skipti miklu máli fyrir rekstur fyrirtækja og því sé mikilvægt að hönnun og útfærsla á vinnuaðstöðu geti skipt sköpum til að draga úr atvinnusjúkdómum í stoð- og hreyfikerfi líkamans. Fjallað er um líkamsbeitingu við fiskvinnslu og vinnuaðferðir. Farið er yfir stoðkerfi líkamans og rætt um nauðsyn þess að reyna hæfilega á líkamann, sérstaklega hrygg, liði og vöðva.

Námsaðferð

Leiðbeinandi kynnir efnið með myndrænni framsetningu ásamt verklegum æfingum, t.d. við átök, lyftur og beygjur. Einnig er leiðbeint um beitingu áhaldna.

Námsefni

T.d. námsefni Starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar og ítarefni frá leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki helstu hættur í fiskvinnslu og öryggisbúnað.
- verði færir um að bregðast rétt við slysum á vinnustað.
- tileinki sér ábyrgð í umgengni á vinnustað.

Námslýsing

Höfuðáhersla er lögð á mikilvægi þess að kynna sér rétt vinnubrögð, leiðbeiningar um vélar og áhöld, leiðbeiningar um hreinsiefni, öryggisráðstafanir vegna elds og ammoníaksleka, öryggisfatnað og öryggisbúnað. Einnig er rætt um viðbrögð við slysum og tilkynningaskyldu til vinnueftirlits. Enn fremur ábyrgð atvinnurekanda, yfirmanna og starfsmanna og hlutverk öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða. Námsmenn eru hvattir til að sýna ábyrgð með góðri umgengni, að kynna sér öryggismál á sínum vinnustað og benda á leiðir til úrbóta ef þörf krefur.

Námsaðferð

Leiðbeinandi kynnrir efnið, stjórnar umræðum og leggur fyrir verkefni.

Námsefni

T.d. námsefni Starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar og ítarefni frá leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki helstu þætti sem hafa áhrif á gerlagróður í fiski.
- kynnist aðferðum til að hámarka gæði afurðanna.
- tileinki sér persónulegt hreinlæti í starfi.
- verði færir um að beita fullnægjandi þrifum í fiskvinnslu.

Námslýsing

Höfuðáhersla er lögð á hreinlæti í matvælavinnslu og kröfur opinberra eftirlitsaðila, kaupenda og neytenda í því sambandi. Farið yfir alla helstu þætti sem hafa áhrif á gerlagróður í fiski, s.s. slæma meðhöndlun, ófullnægjandi þrif, of mikinn hita o.fl. sem skapar kjöraðstæður fyrir hvers kyns örverur. Einnig er lögð áhersla á persónulegt hreinlæti þeirra sem starfa við matvælaframleiðslu. Farið er yfir framkvæmd þrifa og leiðbeint um fullnægjandi þvott og sótthreinsun óhreinna flata í fiskvinnslu.

Námsaðferð

Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur fyrir verkefni. Námsmenn taka sýni til skoðunar og skrá niðurstöður. Einnig taka þeir sýni til skoðunar í smásjá og til ræktunar.

Námsefni

T.d. námsefni Starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar og ítarefni frá leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki réttindi sín og skyldur á vinnumarkaði.
- kynnist uppbyggingu launakerfisins.
- kynnist framkvæmd kjarasamninga.
- kynnist starfsemi stéttarféлага.
- þekki helstu hugtök í efnahagsmálum.
- þekki helstu þætti vinnulöggjafarinnar.

Námslýsing

Höfuðáhersla er lögð á að kynna hlutverk aðila vinnumarkaðarins, stéttarféлага og samtaka atvinnurekenda, og vinnulöggjöfina. Þá eru námsmönnum kynnt réttindi og skyldur starfsmanna og farið er ítarlega í framkvæmd kjarasamninga, sérstaklega að því er varðar ráðningar, kauptryggingu, launamál, frítökurétt, veikinda- og orlofsrétt og lífeyrismál. Rætt um þróun íslensks atvinnulífs frá lokum bændasamfélagsins og til dagsins í dag. Loks er rætt almennt um efnahagsmál og farið yfir helstu hugtök, s.s. verðbólgu, hagvöxt, kaupmátt, framleiðni o.s.frv. Farið er yfir helstu launakerfi í fiskvinnslu eftir því sem við á. Loks er rætt um rekstur fyrirtækja og markmiðið með rekstri þeirra.

Námsaðferð

Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur fyrir verkefni. Dæmi tekin um ýmis réttindamál, grá svæði og álitamál og framkvæmd kjarasamninga rædd.

Námsefni

T.d. námsefni Starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar og ítarefni frá leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- verði færir um að efla og bæta samskipti sín á milli sem og milli yfirmanna og annarra starfsmanna.
- þekki helstu streituvalda í vinnu og einkalífi.
- þekki aðferðir við streitustjórnun og verði færir um að beita þeim.
- öðlist aukið sjálfstraust og öryggi í samskiptum í leik og starfi.
- þekki afleiðingar eineltis og kynferðislegrar áreitni.
- verði færir um að bregðast við vandamálum af ábyrgð og sjálfsöryggi.
- kynnist mikilvægi liðsheildar.

Námslýsing

Lögð er áhersla á mikilvægi starfsánægju og bent á leiðir til að öðlast hana. Einnig er rík áhersla lögð á streitu, streituvalda og streitustjórnun, bæði í vinnu og einkalífi. Fjallað er um samskipti á vinnustað og leiðir til að bæta þau auk þess sem farið er yfir tengsl vinnu og einkalífs, einelti á vinnustað, áföll og kynferðislegt áreiti.

Námsaðferðir

Leiðbeinandi kynnir efnið með myndrænni framsetningu og stjórnar umræðum. Námsmenn vinna verkefni sem eykur öryggi og sjálfstraust.

Námsefni

T.d. námsefni Starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar og ítarefni frá leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki verðmætustu útflutningsafurðir í sjávarútvegi og markaði þeirra.
- þekki helstu tegundir verkunar í fiskvinnslu.
- kynnist mikilvægustu þáttum EES-samningsins sem lúta að viðskiptum með sjávarafurðir.
- kynnist helstu umhverfisáhrifum veiða og vinnslu.
- kynnist íslenskri löggjöf í umhverfismálum sem lúta að sjávarútvegi.
- þekki nauðsyn ábyrgrar fiskveiðistjórnunar og skynsamlegrar nýtingar auðlindarinnar.
- kynnist þýðingu og tilgangi umhverfismerkinga.
- þekki helstu alþjóðastofnanir og samninga í umhverfismálum sem lúta að sjávarútvegi.

Námslýsing

Höfuðáhersla er lögð á markaðsmál og umhverfismál. Fjallað er um algengustu verkanir sjávarfangs, verðmætustu afurðirnar og helstu markaði þeirra. Rætt er um EES-samninginn, tollalækkanir og útflutningsmöguleika. Einnig er fjallað um hlut sjávarútvegs í útflutnings- og gjaldeyristekjum þjóðarinnar í samhengi við aðrar atvinnugreinar og þróun á mörkuðum. Farið yfir bæði jákvæð og neikvæð áhrif manna á umhverfið, einkum þó umhverfisáhrif starfrækslu sjávarútvegs og ræddar leiðir til úrbóta. Fjallað er um hvernig aðilar í sjávarútvegi hafa brugðist við umhverfisvanda. Rætt er um gróðurhúsaáhrif, brennslu orkugjafa, úrgang frá vinnslustöðvum, affallsvatn sem og mengun í sjó, t.d. vegna geislavirks úrgangs. Farið er yfir umhverfismál og íslenska stjórnkerfið og alþjóðlega þróun umhverfismála. Umgengni við auðlindina er rædd, s.s. skynsamleg nýting fiskistofna og kynntar helstu alþjóðastofnanir sem varða nýtingu þeirra. Loks er rætt um umhverfismerkingar og þýðingu þeirra og rætt um nauðsyn þess að Íslendingar haldi sífellt vöku sinni í þessum efnum.

Námsaðferðir

Leiðbeinandi kynnir efnið með myndrænni framsetningu og stjórnar umræðum.

Námsefni

T.d. námsefni Starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar og ítarefni frá leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- öðlist jákvætt sjálfsmat og sjálfstraust sem skapi þeim aukna vellíðan í daglegu lífi.
- verði færir um að gagnrýna á jákvæðan hátt og bregðast rétt við gagnrýni.
- öðlist þann sjálfsstyrk að geta beðist afsökunar og fyrirgefið.
- verði færir um að setja mörk, bæði sjálfum sér og öðrum.

Námslýsing

Höfuðáhersla er lögð á mikilvægi sjálfstrausts í samskiptum. Fjallað er um atriði sem varða sjálfsstyrk í líkamstjáningu, í samskiptum við aðra, þegar gagnrýnt er og þegar bregðast þarf við gagnrýni. Rætt er um nauðsyn þess að hlusta, að setja mörk, að segja nei, biðja um greiða, biðjast afsökunar og fyrirgefa.

Námsaðferðir

Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur fyrir verkefni. Umræður. Námsmenn vinna verkefni sem miða að aukinni sjálfsstyrkingu og sjálfstrausti.

Námsefni

T.d. námsefni Starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar og ítarefni frá leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- verði færir um að tileinka sér skilning í undirstöðuatriðum á menningu og menningarlegum ferlum og þekki hugtök og aðferðir sem geta bætt hæfni þátttakenda til að taka þátt í þvermenningarlegu starfi.
- öðlist færni í að skilja eigin reynslu og veruleika annarra á afstæðan hátt. Að þeir standi tryggari fótum á eigin menningarlegum og félagslegum ferlum og geti skoðað nýja menningarlega hvata.
- verði færir um að nota hugtök og aðferðir til þess að greina ákveðnar menningarbundnar aðstæður og bregðast við þeim.

Námslýsing

Höfuðáhersla er lögð á hvernig þvermenningarleg færni hefur meðal annars í för með sér grundvallarskilning á að menningarlegur og félagslegur arfur nær til allra þátta daglegs lífs, allt frá klæðaburði og matarvenjum til hugmynda um atvinnu, efnahag skipulagsþróun og margt fleira. Einnig er fjallað um mikilvægi þess að efla skilning á því hvernig hver einstaklingur og þar með talið maður sjálfur er litaður af sínum eigin menningarlega og félagslega bakgrunni. Enn fremur um nauðsyn þess að öðlast grundvallarskilning á helstu hugtökum sem gera okkur keift að greina fjölmennningarlegar aðstæður sem og að kunna skil á nokkrum aðferðum til þess að einfalda og gera þvermenningarlega samvinnu markvissari.

Námsaðferðir

Leiðbeinandi kynnir efnið með myndrænni framsetningu, stjórnar umræðum og leggur fyrir verkefni.

Námsefni

T.d. námsefni Starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar og ítarefni frá leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki vel grunnatriði skyndihjálpar.
- öðlist færni í að sinna neyðartilfellum í kjölfar slysa eða við bráðaveikindi.

Námslýsing

Höfuðáhersla er lögð á grunnatriði skyndihjálpar og hvernig sinna ber neyðartilfellum í kjölfar slysa eða við bráðaveikindi þar til sérhæfð aðstoð berst. Farið er í fyrstu viðbrögð við slíkum neyðartilfellum, s.s. lífsmörk, blástursaðferð og hjartahnoð, einnig viðbrögð við sérstökum sjúkdómum og slysum, s.s. flogaveiki, heilablóðfalli, sykursýki, höfuðhöggi, beinbroti, bruna o.m.fl.

Námsaðferð

Leiðbeinandi kynnrir efnið, stjórnar umræðum og leggur fyrir verkefni.

Námsefni

T.d. námsefni Rauða kross Íslands um skyndihjálpar.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- kynnist HACCP-gæðakerfinu.
- þekki áhættuþáttgreiningu, vöktun og skráningu og úrbætur.
- kynnist gerð flæðirita og tilgangi þeirra.
- þekki helstu opinberar kröfur um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

Námslýsing

Farið er yfir helstu þætti laga um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra og lágmarkskröfur um hreinlæti og hollustuhætti við vinnslu matvæla. Kynnt er hvernig HACCP-kerfið er notað við innra eftirlit með ofangreindum þáttum til að tryggja gæði og heilnæmi afurða fyrirtækisins.

Námsaðferðir

Fyrirlestur og verklegar æfingar.

Námsefni

T.d. námsefni Starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar og ítarefni frá leiðbeinanda.



Mat á námi og námsleið

0,5 klukkustund

Námsmarkmið

Að námsmenn

- leggi mat á námið og markmið þess.
- þekki ábyrgð sem fylgir því að meta sjálfa sig og aðra.
- leggi mat á markmið sín og framfarir sínar í náminu.

Námslýsing

Í lok námsins fara námsmenn yfir hverju námið hefur skilað hverjum einstökum og hópnum í heild. Námsmenn bera saman stöðu sína í lok námsins við markmið sem þeir settu sér í upphafi námsins og væntingar sem þeir höfðu þá til þess. Leiðbeinendur meta árangur námsmanna án þess að nota hefðbundin próf, meta námsferlið og nota símataðferðir til að staðfesta að námsmenn hafi náð lokamarkmiðum námsleiðarinnar á viðunandi hátt svo og markmiðum námsþátta námsins. Námsmenn leggja mat á námið, markmið námsleiðarinnar, skipulag vinnunnar, leiðbeinendur og aðra þætti námsstarfsins.

Námsaðferð

Leiðbeinandi stjórnar umræðum og leggur t.d. fyrir gátlista, umsagnarblöð eða annað sem hjálpar til þess að námsmenn geti unnið skipulega að mati sínu.

Námsefni

T.d. námsskrá auk markmiða og væntinga námsmanna í upphafi náms.



Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta Grunnám fyrir fiskvinnslufólk til styttingar á námi í framhaldsskóla á móti allt að 5 einingum. Meta má námið á móti allt að 5 einingum í vali, 5 einingum á kjörsviði og/eða til almennra greina eftir styrkleika viðkomandi einstaklings.

Nám og námsþætti má til dæmis meta á móti eftirfarandi áföngum í AÐALNÁMSKRÁ FRAMHALDSSKÓLA:

ÖRF 101

LKN 102

Til að meta styrkleika einstaklings er hægt að nota einhverja af eftirtöldum aðferðum:

1. Framlögð gögn um fyrra nám, t.d. staðfestingu frá leiðbeinanda í Grunnnámskeiði fyrir fiskvinnslufólk
2. Starfsferilsskrá
3. Viðtöl við einstakling, þar með talið sjálfsmat
4. Stöðupróf

Ekki er tryggt að námsmaður geti nýtt allar einingarnar til styttingar á námi í framhaldsskóla, það fer eftir tegund náms og námsferli viðkomandi námsmanns.


Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. var stofnuð af Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins í desember 2002.

Hlutverk hennar er að vera samstarfsvettvangur stofnaðilanna um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun í samstarfi við aðrar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins vinnur samkvæmt samþykktum og þjónustusamningi sem gerður hefur verið við menntamálaráðuneytið.

Starfsemin beinist að þeim sem ekki hafa lokið námi úr framhaldsskóla og innflytjendum.

Markmiðið er að veita starfsmönnum, sem ekki hafa lokið prófi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

www.frae.is, sími 599 1400